

Nr. 098 / 14 Kaldbakur EA 1***Skipverji slasast við hífingar***

Skipaskr.nr. 1395 IMO nr. 7363205
Smíðaður: Pasajes Spáni 1974 stál
Stærð: 941,2 brl. 1330 bt.
Mesta lengd: 68,66 m Skráð lengd: 59,86 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,5 m
Vél: 2* MaK 2090 kW 1973
Fjöldi skipverja: 13



Kaldbakur ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. desember 2014 var Kaldbakur EA 1 við bryggju á Akureyri.

Skipverjar voru að hafa endaskipti á toghlera þannig að hann snéri rétt í stæði sínu aftur á skipinu og notuðu til þess krana. Við þetta kom slynkur á hlerann, hann snérist og brún hans lagðist á brjóstakassa eins skipverjans með þeim afleiðingum að hann klemmdist upp þil á þilfarshúsi. Slasaði var fluttur á sjúkrahús og reyndist hann illa rifbeinsbrotinn.



Guli hringurinn sýnir endann sem skorðaðist og rauði brúnina sem lenti í slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að híft var í annan enda hlerans (2,8 tonn) og ætluðu þrír skipverjar að snúa honum á þilfarinu, þar með talinn stjórnandi kranans. Fram kom að svo virtist sem hinn endi hlerans hafi verið skorðaður í riflum á þilfarinu og losnað skyndilega þegar þeir höfðu hendur á honum;
- að lyftigeta kranans var hámark 3,0 tonn;
- að þilfarið var hreint og slasaði mat það svo að um aðgæsluleysi hafi verið að ræða hjá vönum mönnum við svona góðar aðstæður;
- að slasaði var með öryggishjálmi og í öryggisskóm.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er aðgæsluleysi skipverja.